

Breytingarnar ná til 37 ha svæðis sem afmarkast af Vatnsendavegi og byggð við Fagravarf, Elliðahvammsvegi, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð og hesthúsahverfinu í Heimsenda og fyrirhugaðri byggð við Vinda- og Vallakór og eru eftirfarandi:

- Lega fyrirhugaðrar tengibrautar (Þingmannaleið) breytist og gert er ráð fyrir nýrri göngubrú eða undirgöngum undir þann veg.
- Fyrirhuguð íbúðarsvæði stækka til norðurs og vesturs og koma í stað opinna svæða en um miðbik svæðisins er gert ráð fyrir opnum svæðum í stað íbúðarsvæðis.
- Svæði fyrir þjónustustofnanir (leikskóla, íbúðir, hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð fyrir aldraða) færst til suðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Hverahvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði sem nefnist Hverahvammur og liggur að Varmá milli Hverhamars og Álfahvamms breytist úr íbúðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Klettahlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.